

KIRKJUGARÐARÁÐ

189. fundur haldinn fimmtudaginn 19. janúar 2023

Haldinn að Suðurgötu 39, Reykjavík

Mætt voru:

Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur og formaður ráðsins, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjupings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs.

Gestur fundarins: Jóhannes Finnur Halldórsson Cand oecón sem sat fundinn undir lið 2 og 3.

1. Fundur settur.

Fundur settur kl. 13:00

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.

2. Spálíkan um jarðsetningar 2022-2041.

Kynning Jóhannes Finnur Halldórsson. Gerð er spá um dána árin 2022-2042 og þróun í hlutföllum á milli duftkerja og kista til ársins 2042. Spálíkanið sýnir fram á nauðsyn þess að óskað verði eftir viðræðum við stjórnvöld um að taka núverandi samkomulag milli ríkisvaldsins og kirkjugarðaráðs til endurskoðunar. Var Jóhannesi Finni þakkað fyrir góða og skýra kynningu á mikilvægu málefni.

3. Skipting framlags til kirkjugarða árið 2023 og einingarverð vegna greiðslu umhirðu- og grafarkostnaðar – fyrsta umræða.

Smári Sigurðsson kynnti. Greitt var fyrir fleiri greftranir í fyrra en reiknimódel gerði ráð fyrir. Ein ástæða var að greiða þurfti fyrir jarðsetningar frá fyrri árum sem ekki höfðu verið skráðar inn á gardur.is. Fjárframlagið dugar því ekki. KGSÍ gerir ráð fyrir að leggja skiptinguna fyrir næsta fund Kirkjugarðaráðs.

4. Breytingar á reglum KGRP – beiðni um umsögn til ráðuneytis.

Ingvar Stefánsson og Ragnhildur Benediktsdóttir kynntu. Framkvæmdastjóra var falið að svara erindinu.

5. Kirkjugarður mótmælenda í Róm. (The Non-Catholic Cemetery).

Kynning Kristín Huld Sigurðardóttir..

6. Næsti fundur.

Næsti fundur verður haldinn 2. febrúar í þjónustuhúsi Gufuneskirkjugarðs kl.12:00

7. Önnur mál.

Ingvar lýsti áhyggjum sínum vegna líkhúsmála. Vandamál til staðar, því það er enginn sem ber ábyrgð á líkunum. Það er nauðsynlegt að bæta aðstöðu og stækka í Fossvogi. Staðan er sú að hætta er á neyðarástandi ef ekkert verður gert. Kirkjugarðaráð óskaði eftir minnisblaði frá KGRP með tölulegum upplýsingum þar sem farið er yfir málin. Í kjölfarið mun ráðið beina málinu til ráðuneytisins

Fundi slitið kl. 15:00.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari